

5. kafli – Tími

Hugleiðingar Góa

Mánudagur er upphaf vinnuvikunnar. Ég las á mbl.is um rannsókn sem sýndi að konur væru best klæddar í vinnunni á mánudögum en hætta svo smám saman að klæða sig upp eftir því sem líður á vikuna. Það eru samt margir sem segja að mánudagar séu leiðinlegir dagar af því að þá hefst vinnuvikan. Ég er alls ekki sammála því. Mér finnst satt að segja mjög skemmtilegt að byrja á einhverju. Á mánudaginn ætla ég að byrja á því að fara í sund á hverjum degi!

Þriðjudagur er líka ágætur dagur. Kannski ekki eins góður og mánudagur til að byrja á einhverju, ég las nefnilega líka á mbl.is að fólk sem byrjar á nýjum lífsstíl á þriðjudögum er ólíklegra til að ná árangri en fólk sem byrjar á sunnudögum eða mánudögum. Það er sennilega auðveldara að byrja á einhverju úthvíldur eftir helgina og vel undirbúinn. Sem sagt: Ég ætla EKKI að hætta að reykja á þriðjudaginn!

Miðvikudagur er fjórði dagur vikunnar. Í heiðni var þetta dagur Óðins eins og enn má sjá í danska orðinu *onsdag* og enska orðinu *Wednesday*. Margir eru dauðþreyttir á miðvikudögum af því að þá er mið vinnuvika. En þeir sem eru bjartsýnir hugsa: *Hálfnað er verk þá hafð er*. Ég las á spyr.is að fólk héldi oftast fram hjá á miðvikudögum. Furðulegt. Eins gott að ég fylgist með mínum heittelskaða á miðvikudaginn!

Fimmtudagur var alltaf svolítið sérstakur dagur hér á Íslandi af því að það var aldrei sjónvarp á fimmtudögum fyrr en árið 1987. Á þeim tíma voru saumaklúbbar oft haldnir á fimmtudagskvöldum og þá voru líka alltaf sinfóníutónleikar og hjá mörgum voru fimmtudagar bíódagar. Á fimmtudaginn verður ekkert sjónvarpsgláp hjá mér.

Föstudagar eru stundum kallaðir „flöskudagur“ hér á Fróni og ég efast um að nokkur tengi þann dag við orðið *föstu* nú til dags. Nú á tímum borðar fólk kjöt og drekkur vín á föstudögum eins og enginn sé morgundagurinn. Heimur versnandi fer. Ég ætti nú að prófa að fasta á föstudaginn, fá mér gulrætur og grænkál.

Helgin, laugardagur og sunnudagur, kemur langþráð í vikulokin eins og óskabarn. Þá eru allir glaðir og afslappaðir og geta hvílt sig eftir langa vinnuviku. Margir fara í sund um helgar eða fara út að borða með fjölskyldunni. En ég ætla nú að nota tímann um helgina og læra heima.

Verkefni 5.1

1. Hvenær ætlar Góa í sund? _____
2. Hvað eru föstudagar kallaðir og af hverju? _____
3. Hvenær ætlar Góa að læra heima? _____
4. Hvenær heldur fólk oftast fram hjá? _____

5. Hvenær fór fólk oftast í bíó á Íslandi hér áður fyrr? _____

6. Hvenær eru konur best klæddar í vinnunni? _____

7. Hvað merkja orðin fyrir vikudagana?

sunnudagur _____ mánudagur _____

þriðjudagur _____ miðvikudagur _____

fimmtudagur _____ föstudagur _____

laugardagur _____

8. Hvað merkir *helgi*? _____

9. Hvaða dagar eru virkir dagar? _____

10. Skoðið tímaliðina í A og B í textanum. Hver er merkingarmunurinn?

A	B
á mánudaginn	á mánudögum
á þriðjudaginn	á þriðjudögum
á miðvikudaginn	á miðvikudögum
á fimmtudaginn	á fimmtudögum
á föstudaginn	á föstudögum
á laugardaginn	á laugardögum
á sunnudaginn	á sunnudögum
um helgina	um helgar

Sólarhringurinn skiptist í fjóra hluta

	vísar til síðasta sólarhrings	vísar til þessa sólarhrings	vísar til næsta sólarhrings
morgunn	í gærmorgun	í morgun	í fyrramálið
dagur	í gær	í dag	á morgun
kvöld	í gærkvöld(i)	í kvöld	annað kvöld
nótt	í nótt	í nótt	

Bréf frá ferðalangi

Elsku Sigrún.

Í dag komum við loks til Skagavíkur. Ég er rosalega þreytt eftir ferðina. Við gengum 16 – 20 km á dag í sex daga en leiðin frá Miðjufirði til Skagavíkur er alls

105 km. Í gær var erfiðasti göngudagurinn enda var ég alveg að gefast upp í gærkvöldi. Við lögðum af stað klukkan átta í gærmorgun og gengum 26 km. Við vorum ekki komin fyrir en um miðnætti á áfangastað. En ég svaf eins og steinn í nótt svo að ég var bara hress þegar ég vaknaði í morgun, tilbúin til að leggja af stað í síðasta áfangann. Við fórum af stað klukkan átta eins og venjulega í morgun og vorum komin hingað rétt eftir hádegi. Ég var svolítið kvíðin áður en við lögðum af stað en ég komst alla leið og ég er mjög ánægð og stolt af því. Við vöknudum alltaf klukkan sex á morgnana alla ferðina og ég verð að viðurkenna að ég var nokkuð syfjuð einn morguninn eftir andvökunótt, en yfirleitt steinsvaf ég á næturnar. Svo gengum við yfirleitt til hádegis og hvíldum okkur í svona tvo tíma í hádeginu. Við gengum í svona sex til átta tíma á daginn, þannig að við gátum slappað af á kvöldin. Á morgun förum við heim. Við tökum rútuna snemma í fyrramálið og verðum komin í bæinn einhvern tímann um eftirmiðdaginn. Ég ætla að kíkja til mömmu annað kvöld, ég hlakka til að hitta hana, hef ekki séð hana í allt sumar.

Bestu kveðjur,

Göngugarpurinn Góa

Verkefni 5.2

1. Strikaðu undir orð í textanum sem merkja tíma.
2. Skoðaðu tímaliðina í A og B í textanum. Hver er merkingarmunurinn?

A	B
í gærmorgun / í morgun / í fyrramálið	á morgnana
í gær / í dag / á morgun	á daginn
í gærkvöld(i) / í kvöld / annað kvöld	á kvöldin
í nótt	á næturnar / á nóttunni

3. Settu hring utan um lýsingarorð í textanum sem merkja liðan/tilfinningar. Finndu andheiti þessara lýsingarorða.
4. Skrifðu sjö setningar og lýstu því sem þú gerir venjulega á hverjum degi. Skrifðu t.d. svona setningar:

Ég vakna *venjulega* klukkan sjö á morgnana.

Á þriðjudögum fer ég *alltaf* í sund.

Notaðu tímaliðina sem þú lærðir í kaflanum hér að framan. Notaðu líka atviksorðin hér að neðan, þau vísa til atburða sem gerast aftur og aftur.

oft stundum venjulega aldrei
oftast yfirleitt sjaldan

5. Settu rétta tímalíði í eyðurnar.

Hvaða dagur er _____ (dagur)?

Hvaða dagur var _____ (gær)?

Jóhann ætlar að fara í leikhúsið _____ (kvöld).

Hann fer oft út _____ (kvöld).

Hvað varst þú að gera _____ (helgi)?

_____ (laugardagur) fór ég í sund en _____
(sunnudagur) var ég heima.

Hún vinnur stundum _____ (helgi).

_____ (vetur) er oft erfitt að vakna _____
(morgunn).

Skólinn byrjar _____ (haust).

_____ (sumar) er bjart næstum allan sólarhringinn.

Tómas ætlar að fara upp í sveit _____ (föstudagur).

Ætlar þú að fara í bíó _____ (kvöld)? Nei, ég fór í bíó
_____ (gærkvöld).

Guðrún fer alltaf í leikfimi _____ (mánudagur) og
_____ (miðvikudagur).

Árið

Pétur: Hvaða ár ertu fæddur?

Jón: Ég er fæddur 1959. En þú?

Pétur: Ég er fæddur 1963 en systir mín er fædd sama ár og þú.

Með ártölum er sagt nítján hundruð en ekki eitt þúsund og níu hundruð.

Í árinu eru:

- þrjú hundruð sextíu og fimm dagar
- fimmtíu og tvær vikur
- tólf mánuðir

Mánuðir

janúar	júlí
febrúar	ágúst
mars	september
apríl	október
maí	nóvember
júní	desember

- Munið að áherslan er alltaf á fyrsta atkvæði
- Mánaðaheitin eru skrifuð með litlum staf og þau eru (í nútímamáli) óbeygjanleg karlkynsorð

Vísa sem minnir á dagafjölda hvers mánaðar

Ap., jún., sept., nóv., þrjátíu hver,
einn til hinir kjósa sér,
febrúar tvenna fjórtán ber,
frekar einn þá hlaupár er.

Sr. Ólafur Guðmundsson (1537-1603)

Takið eftir hvernig mánuðirnir
eru skammstafaðir

Verkefni 5.3

1. Í hvaða kyni eru nafnorðin *dagur*, *mánuður* og *ár*? Sýnið orðin í fleirtölu. ____

2. Í hvaða mánuði áttu afmæli? _____
3. Hvaða mánuður kemur á eftir október? _____
4. Í hvaða mánuði eru jólin? _____

5. Hvaða mánuður er núna? _____

6. Ártöl eru í hvorugkyni! Af hverju? _____

7. Skrifðu þessi ártöl með bókstöfum. Þekkið þið þessi ártöl? Þið getið gúglað t.d. árið 1241, árið 1402 o.s.frv. og athugað hvað gerðist á Íslandi þessi ár.

1241 _____

1402 _____

1550 _____

1874 _____

1944 _____

Árstíðir

Árið skiptist í fjórar árstíðir.

Vetur

Veturinn á Íslandi er langur og frekar kaldur.

Á veturna snjóar og dagurinn er stuttur.



Vor

Vorið byrjar í apríl á Íslandi.

Á vorin hlýnar og sólin hækkar á lofti.



Sumar

Sumarið á Íslandi er stutt.

Á sumrin er bjart allan sólarhringinn.



Haust

Haustið er fallegur árstími.

Á haustin byrjar skólinn.



Verkefni 5.4

Finnið andstæður þessara orða.

lýsingarorð

sagnorð

langur ≠ _____

hlýna ≠ _____

kaldur ≠ _____

hækka ≠ _____

bjartur ≠ _____

byrja ≠ _____

fallegur ≠ _____

2. Þekkið þið fleiri orð um veður og árstíðir?

3. Skrifðu nokkrar línur um árstíðirnar í heimalandi ykkar.

4. Hver er merkingarmunurinn á tímaliðunum í A og B?

A	B
í vetur	á veturna
í vor	á vorin
í sumar	á sumrin
í haust	á haustin

- *að* er skýringartenging; aukasetningin skýrir betur aðalsetninguna.
 - Ég veit *að* [þú kemur á morgun].
- *ef* er skilyrðistenging af því að í aukasetningunni er sett fram skilyrði.
 - Ég fer ef þú kemur með.
- *þegar* er tíðartenging af því að hún vísar í tíma.
 - Hann fór þegar hún kom.
- *hvert* og *hvenær*, eru kallaðar spurnartengingar af því að tengingarnar eru spurnarorð.
 - Ég veit ekki *hvert* [hann fer á morgun].
 - Ég veit ekki *hvenær* [hann kemur á morgun].
- *sem* er kölluð tilvísunartenging af því að aukasetningin vísar til einhvers í aðalsetningunni.
 - Maðurinn *sem* kom í gær er bróðir hans.

Verkefni 5.6

Skrifið sex aðalsetningar og aukasetningar og notið aukatengingarnar *að*, *ef*, *þegar*, *hvert*, *hvenær* og *sem*.
